

**Sp. 112. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]**  
um bætt skilyrði til verslunarþjónustu í dreifbýli.

Flm.: Guðmundur Gislason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að bættri verslunarþjónustu í dreifbýli, m. a. með eftirgreindum hætti:

1. Skipaútgerð ríkisins verði eflað á grundvelli áætlana útgerðarinnar.
2. Heimilað verði að selja eldri vörubirgðir verslana á endurkaupsverði.
3. Unnið verði að jöfnun orku-, síma- og flutningskostnaðar.
4. Byggðasjóði verði heimilt að lána til verslunarbygginga í dreifbýli með sama hætti og til annarra atvinnuvega.

## Greinargerð.

Ljóst er að ýmis ytri skilyrði verslunarþjónustu í dreifbýli eru á þann veg, að ekki er sambærilegur grundvöllur til að starfrækja þá þjónustu þar og á höfuðborgarsvæðinu. Því er nauðsynlegt að gerðar verði ráðstafanir í því skyni að lagfæra þann aðstöðumun, sem fyrir er, svo unnt sé að starfrækja verslun í dreifbýli og tryggja með því jafna möguleika fólks til búsetu á landinu.

Á undanfórnum árum hefur verið unnið markvisst að endurskipulagningu Skipaútgerðar ríkisins í þeim tilgangi að auka þjónustu útgerðarinnar, m. a. með aukinni ferðatiðni og útvegum hagkvæmra flutningataekja, sem tryggi sem lægstan flutningskostnað. Á lengri vegalengdum eru flutningar á sjó tvímælalaust hagkvæmastir. Því er nauðsynlegt að lögð verði áhersla á endurnýjun skipa útgerðarinnar, svo sem gerð er tillaga um í álitni strandferðanefndar, sem skipuð var af samgönguráðherra 12. júní 1978, en þar er lagt til að smíðuð verði þrjú ný strandferðaskip í stað þeirra sem útgerðin á í dag, þ. e. m/s Heklu og m/s Esju. Gert er ráð fyrir að útbúnaður hinna nýju skipa verði þannig að aukinn gámaflutningur geti átt sér stað og leitt til bættrar vörumeðferðar. Einnig verði skipin búin fullkonnari búnaði til lestunar og losunar, sem stuðlað gæti að hraðari og kostnaðarminni afgreiðslu.

Verslun í dreifbýli þarf undantekningarlítið að liggja með mun meiri vörubirgðir en verslun sem er nærri innflutningshöfn. Stafar það m. a. af margbrotnu vöruúrvali og stopulum samgöngum. Þessi aðstaða verslunar í dreifbýli leiðir til þess, að veltuhraði vörubirgða er margfalt minni og endurkaupsverð vöru oft mun hærra en útsöluverð sömu vöru úr síðustu vörusendingu. Til að lagfæra þetta er nauðsynlegt að heimila endurmat vörubirgða og yrði á hverjum tíma miðað við ákveðinn verðlagsgrunn, t. d. tollgengi.

Ýmsir stórir kostnaðarliðir í rekstri verslunar eru mjög mismunandi eftir staðsetningu í landinu. Má í því sambandi nefna orku- og símakostnað. Nokkuð hefur verið unnið að jöfnun símakostnaðar, en þar þarf enn að bæta úr. Er þar um að ræða stórt hagsmunamál fyrir verslun í dreifbýli, því mestöll vöruútvegum á sér stað simleiðis. Jafnframt samræmingu símgjalda þarf að vinna að gagngerum endurbótum á þjónustukerfinu.

Orkukostnaður er mjög misjafn eftir aðstæðum. Bæði er þar um að ræða mismun á raforkutöxtum og einnig mismunandi hitagjafa. Verslun í dreifbýli býr víða við þann kost að verða að nota rafmagn eða olíu til upphitunar þar sem ekki er kostur á öðrum hitagjöfum, og er það rafmagn oft keypt á hærra verði en tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Er því brýn nauðsyn að fundin verði leið til lagfæringar á þessu sviði.

Varðandi jöfnun á almennum flutningskostnaði er ástæða til að benda á beitingu mismunandi skatta á landsmenn, svo sem fram kemur í álitni millipinganefndar um verðjöfnun vöruflutninga frá október 1976. Þar segir um notkun skattkerfisins til jöfnunar framfærslukostnaðar:

„Eitt aðalmarkmið sérhvers skattkerfis er að stefna að skattajöfnuði. Skattajöfnuður er að vísu ekki ápreifanlegt eða mælanlegt hugtak, sem hægt er að skilgreina í eitt skipti fyrir öll. Hins vegar er almennt viðurkennt að skattajöfnuður feli í sér að fólk, sem býr við sömu aðstæður, eigi að greiða sambærilega skatta. Það hefur einnig verið almennt viðurkennt, að gjaldþol manna sé þýðingarmikið varðandi skattlagningu, þannig að mismunandi gjaldþol eigi að leiða til mismunandi skatta.“

Þannig var það álit nefndarinnar, að helst væri að beita skattkerfinu til aðstöðujöfnunar í þessu skyni.

Til uppbyggingar verslunarhúsa hefur ekki verið unnt að útvega sambærilegt lánsfé og aðrir atvinnuvegir hafa átt kost á til sinnar uppbyggingar. Byggðasjóður hefur haft það hlutverk að jafna búsetuskilyrði í landinu með ráðstöfun lánsfjár. Þrátt fyrir þetta hefur Byggðasjóður ekki lánað til verslunarhúsa í dreifbýli og þannig hefur skapast mismunur milli atvinnuvega. Til þess að leiðrétta þann mismun, sem nú ríkir í þessum efnum, þarf því að breyta reglum sjóðsins þannig að honum verði gert skylt að lána til byggingar verslunarhúsa í dreifbýli.